

## Reglur Hitaveitu Húnaþings vestra um ráðstöfun niðurgreiðslna vegna nýrra hitaveitna í dreifbýli í Húnaþingi vestra.

1. Gr.

Andvirðis styrks Orkusjóðs til Hitaveitu Húnaþings vestra vegna niðurgreiðslna til húshitunar skal nýta til lækkunar á inntaksgjaldi allra notenda á viðkomandi veitulegg.

2. Gr.

Nýja notendur hitaveitunnar sem þurfa að ráðast í breytingar á fasteignum sínum þ.e. að breyta úr rafofnakerfi í vatnsfnaakerfi skal styrkja um Kr. 280,000- fyrstu 300m<sup>3</sup> íbúðarhúsnæðis og 420 kr. á m<sup>3</sup> umfram 300m<sup>3</sup>  
Styrkfjárhæð þessi tekur breytingu m.v. byggingar vísitölu , 112,3 stig janúar 2012.

3. Gr.

Ef styrkur Orkusjóðs er hærrí en nemur úthlutun styrkja skv. 1. og 2. gr. þá skal deila þeirri fjárhæð á milli allra notenda á viðkomandi veitulegg sem njóta rafmagnsniðurgreiðslu.

Samþykkt á fundi byggðarráðs Húnaþings vestra þann 9/2/2015

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra þann 19/2/2015

